Nr. 934 27. október 2014

# STARFSREGLUR

**um breyting á starfsreglum um þingsköp kirkjuþings nr. 949/2009.**

1. gr.

1. mgr. 12. gr. orðist svo:

Nýkjörið kirkjuþing kýs fjóra menn í kirkjuráð til fjögurra ára og jafnmarga til vara. Kosið skal að lokinni síðari umræðu þingmála. Sé þingi frestað skal kjósa kirkjuráð undir lok fyrstu þinglotu. Skal þá lokið síðari umræðu um skýrslu kirkjuráðs og fyrri umræðu um skýrslu um fjármál þjóðkirkjunnar.

2. gr.

2. mgr. 14. gr. fellur brott.

3. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 öðlast gildi nú þegar.

*Reykjavík, 27. október 2014.*

**Magnús E. Kristjánsson,**
forseti kirkjuþings.

---

B-deild – Útgáfud.: 28. október 2014